

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.

HP



Stofnað 1949

7. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 20.06. 1989

16:00

Mættir voru undirritaðir.

Kári setti fund og reifaði dagskrá og bauð fundarmenn velkomna.

- Skúli greindi frá fundi framkvæmdanefndar Landsmóts 1990. Las fundargerð fundarins, og skýrði ýmis atriði hennar. Þar kom m.a. fram efni samnings sem framkvæmdanefndin hefur gert við eigendur Vindheimamela.

Formaður ræddi svo ýmis atriði, sem þarf að gefa gaum að s.s. fyrirkomulag skráningar keppnishrossa, ritstjórn sýningarskrár, auglýsingar erlendis og ýmislegt fleira. Fundarmenn komu með ýmsar ábendingar. Má þar nefna undirlag í básum í stóðhestahúsi, aðstöðu fyrir sýnendur hrossa og aðstaða fyrir ýmsa starfsmenn. Þá ræddu menn um fyrirkomulag kynningar erlendis og hvað þar ætti að koma fram.

Formaður ræddi um, að stjórnarmenn íhuguðu punkta og ábendingar fyrir næsta stjórnarfund.

Þess skal getið að á umræddum framkvæmdanefndarfundi var erindi L.H. um málefni Eyfirðinga. Því erindi var vísað aftur til stjórnar L.H.

- Ársping L.H. Formaður fluttin inngang að málínu. Hann taldi það skoðun sína að megin umræðuefni þingsins yrði hrossaræktin, enda hefði hún ekki verið rædd lengi. Þá ræddi formaður um samstarf við heimamenn í Hveragerði um dagskrá einkum m.t.t. 40 ára afmælisins. Hjalti ræddi um ýmislegt í þessu sambandi og m.a. bent hann á að finna þyrfti afmælinu stað á dagskrá. Þetta var rætt mikið. Niðurstaða varð sú að afmælisins yrði minnst í upphafi þings. Stjórnin mun leggja áherslu á að yfirvöld viðurkenni starf samtakanna með einhverjum hætti.
- Stofnun íþróttasambands hestamanna. Formaður rakti helstu atriði, frá stofnfundi. Hluti stjórnar L.H. átti fund með nýstofnaðri stjórn sambandsins hinn 7.06. Þar sem samskipti þessara aðila voru rædd. Þá var rætt um félagsaðild o.fl.

Íslandsmót í hestaíþróttum verður á vegum íþróttaráðs í sumar og þáttökurétt á mótinu. Skúli ræddi þessi mál og málefni Eyfirðinga jafnframt. Formanni var falið að hafa samband við forráðamenn Eyfirðinga um framhald viðræðna um þeirra mál.

4. Önnur mál.

- a) Formaður las bréf frá hestamannafélaginu Gnýfara á Ólafsfirði, en félagsmenn urðu fyrir tjóni í hesthúsahverfi sökum skriðufalla. Var tjónið lauslega metið á 1,5 millj. Kom fram beiðni um að stjórnin legði því lið, að hestamenn fengju bætur vegna þessa. Í öðru lagi að menn hafi aðgang að tryggingum vegna svona tilvika. Í þriðja lagi er óskað eftir niðurfellingu á árgjöldum. Þetta var rætt nokkuð. Niðurstaðan var sú, að styrkja félagið úr reiðvegasjóði ef það er hægt en fella ekki niður árgjöld. Var gjaldkera falið að finna flöt á málinu.
- b) Útistandandi félagsgjöld eru 698.000 hjá 14 félögum. Hjalti lýsti áhyggjum sínum af þessu.
- c) FEIF býður tveimur aðilum frá hverju landi (blaðamönnum) aðstöðu til ljósmyndunar á E.M.
- d) Hjalti hittir forráðamenn Úrvals þ. 21.6. Þar skuldar L.H. nokkra fjárhæð.
- e) Kristbjörg greindi frá vinnslu kvíkmynda og upplýsti að það hvíldi á herðum Sigurðar Ragnarssonar og Guðm. Ólafssonar. Þetta var rætt nokkuð.
- f) Hjalti ræddi um skógreiðardaginn og hafði hann heyrt frá nokkrum félögum, þar sem þetta hafði gengið ágætlega. Það liggur fyrir, að all mörg félög eiga eftir að koma þessu í framkvæmd. Það liggur fyrir að þetta hefur breytt viðhorfi til hestamanna í gróðurfararslegum efnum. Fundarmenn greindu frá fyrirætlunum félaga í sínu nágrenni.
- g) Hjalti nefndi skuld sem er hjá SPRON og er vegna útgáfu sögu L.H. Kári og Hjalti athuga málið.
- h) Hjalti greindi frá nefnd Baldurs Jónssonar en hún hefur ekki alveg náð saman enn sem komið er. Hafði Hjalti lagt til við Baldur að koma á starfi með þeim sem næst til.
- i) Formaður ræddi um fyrirkomulag skrifstofu í summarleyfi.
- j) Hjalti ræddi um form "Jóreyksins". Fundarmenn töldu að eitthvað mætti lífga uppá form blaðsins, en rétt væri þó að viðhalda stíl á fréttum.

- k) Gunnar ræddi um reiðvegafé, og voru 600.000 kr., sem nýttust ekki á síðasta ári. Hefur Vegagerðin samþykkt að það fé komi til úthlutunar á þessu ári. Verður því reiðvegafé 3,6 millj. króna. Gunnar greindi frá nokkrum úthlutunum og umsóknum sem komnar eru. Gunnar óskaði eftir umsögn stjórnar um þetta. Gunnari var falið umboð til að vinna að úthlutuninni.

Fundi slitið kl. 19:30

Kári Arnórsson
Kristbjörg Eyvindsd.
Sigbjörn Björnsson
Gunnar B. Gunnarsson
Sigfús Guðmundsson

Guðmundur Jónsson
Skúli Ö. Kristjónsson.